

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júní 1987

um breytingar á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(87/358/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/156/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, var mælt fyrir um EBE-gerðarviðurkenningu á ökutækjum sem smíðuð eru í samræmi við tæknilegar kröfur í sértilskipunum og birt skrá yfir hluta ökutækja sem tilskipanir þessar ná til og eiginleika þeirra.

Til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning sem gæti stafað af orðalagi tiltekinna greina í þeirri tilskipun er þörf á smávægilegum leiðréttingum.

Til þess að unnt verði að beita fyrrgreindri gerðarviðurkenningu á sem yfirgripsmestan hátt er nauðsynlegt að hún nái til íhluta ökutækja auk aðskilinna tæknieininga og að hvert hugtak sé skilgreint nákvæmlega.

Til þess að unnt verði að beita fyrrgreindri gerðarviðurkenningu á tilætlaðan hátt ber eftirlit með samræmi í framleiðslu að fela í sér staðfestingu á því fyrirkomulagi sem framleiðandi hefur komið á til að tryggja að ökutæki, sjálfstæðar tæknieiningar eða íhlutar sem hann framleiðir samræmist viðurkenndri gerð.

Til þess að draga úr þeim fjölda skjala sem senda þarf milli aðildarríkja skal gerðarviðurkenningarvottorðið, sem er annaðhvort í samræmi við viðkomandi sértilskipun eða hálfútfyllt gerðarviðurkenningarvottorðið í viðauka við tilskipun 70/156/EBE, talið uppfylla venjulega upplýsingaþörf aðildarríkja enda er þeim heimilt að fara fram á fyllri tæknilegar upplýsingar.

Þörf er á að skilgreina nánar hvernig samskiptum yfirvalda

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 25. 2. 1987, bls. 4.

⁽²⁾ Áliti var skilað 19. júní 1987 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

í aðildarríkjunum skuli háttáð þegar aðildarríki sýnir aðildarríkinu sem veitt hefur gerðarviðurkenninguna fram á að ökutæki samræmist ekki viðurkenndri gerð og því sé ástæða til að ætla að samræmi í framleiðslu hafi ekki verið tryggt.

Þegar kveðið er á um það í sértilskipunum að aðskil-in tæknieining skuli bera gerðarviðurkenningarnúmer er óþarfi að gera það að skyldu að hverri einingu fylgi samræmisvottorð. Framleiðandi tæknieiningar ætti ætíð að vera skuldbundinn til að veita upplýsingar um takmarkanir á notkun hennar og skilyrði fyrir ísetningu.

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/156/EBE :

1. Í stað 1. og 2. gr. komi eftirfarandi:

„I. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „ökutæki:“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjörum eða fleiri hjólum og sem er hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km á klst. og eftirvagnar þeirra, að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og vinnuvélum,

— „aðskilin tæknieining:“ búnaður sem samræmist kröfum í sértilskipun og ætlaður er sem hluti af ökutæki; hún getur fengið sérstæða gerðarviðurkenningu en einungis í tengslum við eina eða fleiri tilteknar gerðir ökutækja,

— „íhluti:“ búnaður sem samræmist kröfum í sértilskipun og ætlaður er til nota sem hluti af ökutæki; hann getur fengið sérstaka gerðarviðurkenningu án tillits til ökutækis.

2. gr.

Að því er þessa tilskipun varðar:

a) merkir „innlend gerðarviðurkenning“ opinbert eftirlit undir heitinu:

— „agrément par type“ og „typegoedkeuring“ í belgískum lögum;

— „standardtypegodkendelse“ í dönskum lögum;

- „allgemeine Betriebsurlaubnis“ í þýskum lögum;
 - „εγκριση τύπου“ í grískum lögum;
 - „homologacion de tipo“ í spænskum lögum;
 - „réception par type“ í frönskum lögum;
 - „type approval“ í írskum lögum;
 - „omologazione“ eða „approvazione del tipo“ í ítölskum lögum;
 - „agrément“ í lögum í Lúxemborg;
 - „typegoedkeuring“ í hollenskum lögum;
 - „aprovação de marca e modelo“ í portúgölskum lögum;
 - „type approval“ í breskum lögum.
- b) merkir „EBE-gerðarviðurkenning“ eftirlit aðildarríkis með því að tiltekin gerð ökutækis, aðskilin tæknieining eða íhluti fullnægi tæknilegum kröfum í sértílskipunum og prófunum sem skráðar eru á EBE-gerðarviðurkenningarvottorð, en fyrirmynd þess er sýnd í II. viðauka, að viðbættum, þar sem við á, viðauka við gerðarviðurkenningarvottorðið sem kveðið er á um í viðeigandi sértílskipunum.“
2. Í stað 4. og 5. gr. komi eftirfarandi:
- „4. gr.
1. Aðildarríki skal viðurkenna allar gerðir ökutækja sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- a) gerð ökutækis samræmist efnisatriðum í upplýsingaskjalinu;
 - b) gerð ökutækis hefur staðist prófanir sem tilgreindar eru í fyrirmyndinni að gerðarviðurkenningarvottorði sem um getur í b-lið 2. gr.
2. Aðildarríkið sem gefur út gerðarviðurkenninguna gerir nauðsynlegar ráðstafanir, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef slíkt reynist nauðsynlegt, um fullnægjandi eftirliti til að tryggja að framleidd ökutæki samsvari fyrirmyndinni sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu.
3. Aðildarríkið sem hefur gefið út gerðarviðurkenninguna gerir nauðsynlegar ráðstafanir, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef slíkt reynist nauðsynlegt, til að tryggja að eftirlit sem um getur í 2. mgr. verði áfram fullnægjandi og að framleidd ökutæki samsvari fyrirmyndinni sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu. Ganga skal úr skugga um að framleidd ökutæki samræmist viðurkenndu gerðinni með skyndikönnun, nema kveðið sé á um annað í sértílskipunum.
4. Hvert aðildarríki skal fylla út alla reiti gerðarviðurkenningarvottorðs fyrir hverja gerð ökutækis sem það viðurkennir.
5. gr.
1. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki senda, innan mánaðar, lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerð ökutækis sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna.
 2. Aðildarríki geta þó farið krafist af aðildarríkinu sem veitti gerðarviðurkenningu eða framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans frekari upplýsinga sem fram koma í tækniskjölunum sem skráð eru á viðurkenningarvottorðinu.
 3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans í landinu þar sem skráning fer fram gefur út samræmisvottorð fyrir hvert ökutæki sem framleitt er í samræmi við viðurkennda gerð, en fyrirmynd þess er sýnd í III. viðauka.
 4. Aðildarríki geta samt sem áður, vegna sköttunar ökutækis eða frágangs skráningarskilríkja þess, farið fram á að einstök atriði sem ekki eru tíunduð í III. viðauka komi fram á samræmisvottorði, svo fremi þau séu nákvæmlega tiltekin á upplýsingaskjalinu eða hægt sé að reikna þau út frá því með einföldum hætti.“
3. Eftirfarandi falli úr 2. mgr. 6. gr.:
- „... og senda lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum með reglubundnum hætti afrit af breytingum á upplýsingaskjölum sem þegar hefur verið dreift.“
4. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Vottorðið skal þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki gripi til slíkra aðgerða sé um að ræða ökutæki sem ekki eru í samræmi við viðurkennda frumgerð.
- Ökutæki telst ekki samrýmast viðurkenndri gerð ef frávik frá einstökum atriðum í gerðarviðurkenningarvottorðinu og/eða upplýsingaskjali finnast sem hafa ekki verið heimiluð samkvæmt 2. eða 3. mgr. 6. gr. af aðildarríki sem veitti gerðarviðurkenninguna. Ekki er litið svo á að ökutæki víki frá viðurkenndri gerð ef kveðið er á um leyfilegt frávik í sértílskipunum og þau takmörk eru virt.“
5. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:
- „8. gr.
1. Ef aðildarríki sem veitt hefur EBE-gerðarviðurkenningu kemst að raun um að ökutæki, sem hafa fengið samræmisvottorð, samræmast ekki þeirri gerð sem það hefur viðurkennt, ber því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök verði í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja um ráðstafanir sem gripið er til og gætu, ef þörf krefur, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu.

2. Ef aðildarríki sýnir fram á að ökutæki, sem hafa fengið samræmisvottorð, samræmast ekki viðurkenndri gerð getur það farið fram á að aðildarríkið, sem veitti EBE-gerðarviðurkenninguna, staðfesti að framleidd eintök samræmist viðurkenndri gerð. Aðildarríkinu sem veitti EBE-viðurkenninguna ber að prófa samræmið, eins og farið hefur verið fram á, innan sex mánaða frá dagsetningu beiðnarinnar og skal, ef þörf krefur, hafa samstarf við aðildarríkið sem fór fram á staðfestingu á samræmi.

Komi í ljós skortur á samræmi skulu lögbær yfirvöld aðildarríkis sem veitti gerðarviðurkenninguna grípa til ráðstafananna sem lýst er í 1. mgr.

3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum skulu tilkynna hvert öðru innan mánaðar um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu og um ástæður sem að baki liggja.

4. Véfengi aðildarríki, sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining.

Framkvæmdastjórninni skal látin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.“

6. 9. gr. a breytist sem hér segir:

„9. gr. a

1. Sé beinlínis gert ráð fyrir því í sértilskipunum er einnig unnt að veita tilteknum kerfum eða hlutum ökutækja sem mynda aðskildar tæknieiningar og íhlutum EBE-gerðarviðurkenningu í samræmi við 3. – 9. og 14. gr.

2. Ef tæknieining eða íhluti, sem til stendur að gerðarviðurkenna, gegnir hlutverki sínu eða hefur tiltekna eiginleika einungis í tengslum við aðra hluta ökutækisins og því er einungis unnt að sannprófa samræmi við eina eða fleiri kröfur þegar tæknieiningin eða íhlutinn er tengdur öðrum íhlutum í ökutæki, hvort sem þeir eru raunverulegir eða eftirlíkingar, takmarkast gildi EBE-gerðarviðurkenningar á tæknieiningu eða íhluta af henni. Í því tilviki skulu allar takmarkanir á notkun einingarinnar eða íhlutans tilgreindar í EBE-gerðarviðurkenningavottorðinu og enn fremur hvaða skilyrði eru sett fyrir ísetningu. Sannprófa ber að takmarkanir og skilyrði þessi hafi verið virt um leið og EBE-gerðarviðurkenning fyrir viðkomandi ökutæki er veitt.

3. Þó skal handhafi EBE-gerðarviðurkenningar fyrir aðskilda tæknieiningu eða íhluta í samræmi við þessa

grein útfylla vottorðið sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. og festa á hverja einingu eða hvern íhluta sem framleiddur er í samræmi við viðurkenndu gerðina vöruleið eða -merkið, gerðina og, ef kveðið er á um það í sértilskipun, gerðarviðurkenningarnúmer. Í síðara tilvikinu er ekki skylt að fylla út vottorðið sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr.

4. Handhafa EBE-gerðarviðurkenningavottorðs sem gefið er út með takmörkunum á notkun þess í samræmi við ákvæði 2. mgr. er skylt að láta nákvæmar upplýsingar um takmarkanirnar fylgja hverri framleiddri einingu eða hverjum íhluta og benda á öll skilyrði fyrir ísetningu.“

7. Í stað þriðja undirliðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„— skal viðkomandi aðildarríki, þegar upplýsingaskjalið sem krafist er samkvæmt sértilskipun er lagt fram, útfylla að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans gerðarviðurkenningavottorðið í samræmi við viðkomandi sértilskipun. Umsækjandi fær afrit af vottorðinu. Þegar um er að ræða ökutæki af sömu gerð ber hinum aðildarríkjunum að viðurkenna þetta vottorð sem næga sönnun þess að tilskildar prófanir hafi farið fram.“

2. gr.

Skjölín sem talin eru upp í viðaukanum við tilskipun þessa teljast jafngild gerðarviðurkenningavottorðinu sem getið er um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1988. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 25. júní 1987.

Fyrir hönd ráðsins,

H. DE CROO

forseti.

VIÐAUKI

- EBE-gerðarviðurkenningarvottorð að því er varðar aðskilda tæknieiningu,
 - EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir tæknieiningu,
 - EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir aðskilda tæknieiningu,
 - fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði fyrir íhluta,
 - fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði,
 - viðauki við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki,
 - viðauki við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð,
 - orðsending viðvíkjandi gerðarviðurkenninguna,
 - orðsending viðvíkjandi viðurkenninguna eða gerðarviðurkenningarvottorð fyrir vélknúið ökutæki, útfyllt að hluta, en fyrirmynd þess er sýnd í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.
-